

Selingsdalsá

virkjunaraðstaða hjá Selingsdalslaug.

Reykjavík, 11. nóv. 1954  
S.Rist/gs

Selingsdalsá  
virjunaraðstæða hjá Selingsdalslaug.

Skilagrein nr. 61 er um Selingsdalsá. Útdráttur úr þeirri grein er sem hér segir:

Rennslíð 2. máí 1953 var  $1,1 \text{ m}^3/\text{sek}$  þ.e.a.s.  $31,5 \text{ l/sek}$  pr.  $\text{km}^2$ . Minnsta rennsli áætlað  $140 \text{ l/sek}$ , en venjulega mun rennslið vera um og yfir  $560 \text{ l/sek}$ , þ.e.a.s.  $16 \text{ l/sek}$  pr.  $\text{km}^2$ .

Nú hinn 4. ágúst sl. athugaði ég Selingsdalsá á ný. Rennslíð var skv. Rm 552  $0,43 \text{ m}^3/\text{sek}$  þ.e.  $12 \text{ l/sek}$  pr.  $\text{km}^2$ . Ár voru mjög litlar í Dalasýslu sbr. skilagrein 94 um Haukadalsá.

Undan Selingsdalslaug er foss í ánni þar sem hún steypist inn í klettagljúfur. Fossin er  $1,4 \text{ m}$  og litlu neðar er  $0,35 \text{ m}$  brot í ánni. Ef sprengt er burt óverulegt klettahaft, lækkar vatnið í hylnum undir fossinum sem brotinu nemur, svo að náttúrulegt fall í fossinum er því rétt að telja  $1,75 \text{ m}$ .

Á fossbrúninni er ágett stíflustæði og tilvalið stæði fyrir stöðvarhús vestan ár. Pípulína  $8 \text{ m}$  auk sogrörs. Hæð klapparinnar á hússtæðinu er  $1,5 \text{ m}$  yfir vatnsfleti (í foss-hylnum). Hjá hússtæðinu er hentug rás fyrir sogrör, vídd rásarinnar er einn metri í þvermál. Vatnsdýpi í rásinni  $0,4 \text{ m}$  (þegar lækkað hefur verið í foss-hylnum). Stórgrýti er í botni rásarinnar, sem auðvelt er að fjarlægja.

Stífla á fossbrún yrði  $10 \text{ m}$  í botninn.

$2,5 \text{ m}$  stífla yrði  $22 \text{ m}$  löng efst.

$3,75 \text{ m}$  stífla yrði  $30 \text{ m}$  löng efst.

Sé gert ráð fyrir að byggð verði  $3,75 \text{ m}$  há stífla, fäst  $5,5 \text{ m}$  brúttófall.

Þá er komið rúmgott inntakslón. T.d. tekur eins og hálf  
metra efsta sneiðin (frá 4-5,5 m) 25 þús. m<sup>3</sup>.

Heimtaug að Sælingsdalslaug yrði 575 m.

Reykjavík, 11. nóv. 1954

Sigurj. Þist